En þetta eru nú samt bara einhverjar stelpur á nærbuxunum að dansa ... 32

Hefðbundið í ár?

Fjögur tilnefnd til Turner-verðlaunanna


Verk eftir málarann Enrico David.

TURNER-verðlaunin eru einhver kunnustu verðlaun sem veitt eru myndlistarmönnum.

Á síðustu árum hafa sumir gagnrýnendur harmað að sjá hvorki málverk né teikningar á sýningunum á verkum þeirra sem tilnefndir eru. Nú hefur verið tilkynnt hverjir eru tilnefndir í ár og fer meira fyrir þessum hefðbundnari miðlum en í mörg ár. Hinsvegar eru engir vídeólistamenn tilnefndir. Samkvæmt *The Guardian* er einn listamaðurinn fígúratívur málari, annar hefur fengist við ýmsa miðla, frá teikningum að skúlptúr og þeim þriðja er lýst sem „samtímalegum freskumálara".

Listamennirnir eru Enrico David, Roger Hiorns, Lucy Skaer and Richard Wright. Sýning á verkum þeirra verður opnuð í Tate Britain í október.

Kunn ballerína látin


Maximova í Hnotubrjótnum

„HÚN var ímynd glæsileika hins rússnesks balletts." Með þessum orðum hefst tilkynning Bolshoi-balletsins í Moskvu um andlát Ekaterinu Maximovu, einnar kunnustu ballerínu síðustu áratuga, en hún lést á þriðjudag, sjötug að aldri. Ljóðræn nálgunin, tæknileg fullkomnun og einstök nálægð á sviði gerðu hana að stjörnu á Bolshoj og eftirlæti dansunnenda og gagnrýnenda um allan heim.

„Hin yndislega litla Maximova nær svo sannarlega að bræða hjarta hvaða nornar sem er, hversu grimm sem hún annars er," skrifaði dansrýnir The New York Times þegar hún kom í fyrsta sinn fram í New York.

Maximova dansaði mikið á móti Vladimir Vasiliev, einum kunnasta karldansara Rússa og gengu þau í hjónaband. Þau stofnuðu dansflokk sem ferðaðist um heiminn og sýndi en Maximova dansaði öll helstu hlutverk klassíska ballettsins á ferlinum.

Bókmenntir

Hamsun-afmælishátíð opnuð


Knut Hamsun

FJÓRÐA ágúst verða 150 ár liðin frá fæðingu rithöfundarins Knuts Hamsuns. Í dag, fimmtudag klukkan 17.00, opnar sendiherra Noregs, Margit Tveiten, Knut Hamsun-afmælishátíð í aðalsafni Borgarbókasafnsins. Sigurður Skúlason leikari les þá sögu eftir Hamsun, verkum hans verður stillt út í safninu og sýndar ljósmyndir frá Íslandi og Noregi, en kveikjuna sækir ljósmyndarinn í skáldsögu Hamsuns, Pan. Einnig verður á sýningunni kynningarmyndband um feril Hamsuns

Sýning á bókum Hamsuns og ljósmyndasýningin verða settar upp í átta öðrum bókasöfnum.

Tónlist

Draugagangur í Óperunni


Atli Heimir Sveinsson

KÓR Íslensku óperunnar heldur söngskemmtun í kvöld, fimmtudag, og er yfirskriftin *Draugagangur í Óperunni.* Dagskráin hefst klukkan 20.00.

Á efnisskránni er tónlist eftir íslensk tónskáld sem öll tengist draugum eða þjóðtrú. Þar má meðal annars heyra íslensk þjóðlög, tónverk og útsetningar eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Atla Heimi Sveinsson og Jón Ásgeirsson, en einnig Jónas Árnason og Magnús Eiríksson.

Meðleikari á píanó er tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, Kurt Kopecky, en umsjón með dagskránni hefur Ágústa Skúladóttir leikstjóri.

Tónlist

BT Power trió leikur á Múlanum


Björn Thoroddsen

Á TÓNLEIKUM Jazzklúbbsins Múlans í kvöld, fimmtudag, kemur BT Power trió fram. Gítarleikarinn Björn Thoroddsen, sem hefur verið iðinn við að leika akústískan djass, leiðir tríóið. Nú ætlar Björn að munda rafgígjuna að nýju. Meðreiðarsveinar eru trymbillinn Jóhann Hjörleifsson og Jón Rafnsson bassaleikari. Efnisskráin samanstendur af þekktum rokk-, djass- og blús-standördum. Sérstakur leynigestur, Andrea Gylfadóttir, kemur fram með tríóinu.

Tónleikarnir fara fram í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18, og hefjast kl. 21.00.

Tíu ólíkir listamenn opna sýninguna Rím í Ásmundarsafni á degi verkalýðsins

Ríma við Ásmund Sveinsson

Eftir Jóhann Bjarna Kolbeinsson
jbk@mbl.is

„VIÐ Sigríður höfum báðar unnið með verk Ásmundar í langan tíma þannig að við þekkjum list hans vel. Svo fórum við einhvern tímann að ræða um að það væri samhljómur með verkum ákveðinna íslenskra myndlistarmanna og verkum Ásmundar, þótt birtingarmyndin væri afar ólík," segir Ólöf K. Sigurðardóttir, annar tveggja sýningarstjóra sýningarinnar Rím sem opnuð verður í safni Ásmundar Sveinssonar við Sigtún á morgun. Á sýningunni er verkum Ásmundar stillt upp með verkum ellefu samtímalistamanna sem hafa fengist við sömu viðfangsefni og Ásmundur, en út frá ólíkum forsendum.

Samlíkingar og andstæður

Aðspurð segir Ólöf að verk listamannanna ellefu séu frá síðustu tíu árum, flest unnin eftir árið 2000. „Eitt verkanna er sérstaklega unnið fyrir þessa sýningu, veggmálverk eða innsetning Davíðs Arnar Halldórssonar. Hann er þekktur fyrir kraftmikil málverk sem hann lætur oft flæða út í rýmið. Þegar við vorum að skoða abstraktverk Ásmundar langaði okkur að sýna þau með verkum Davíðs. Þannig að við fengum hann til að vinna verk inn í rýmið," segir Ólöf. „Abstraktverk Ásmundar, sem eru flest járnverk, eru annars þannig að í þeim verður innra rými verkanna mjög áberandi þannig að tómið fer að skipta meira máli en í eldri verkum á borð við Vatnsberann og Járnsmiðinn. Það er svo gaman að velta því fyrir sér hvernig samtímalistamenn hafa tekið rýmis-pælinguna út fyrir hlutinn, listaverkið, þeir eru farnir að velta fyrir sér rými sýningarsalarins og vinna verkin sérstaklega inn í rýmið. ."

Að sögn Ólafar má auðveldlega sjá ákveðin þemu í uppsetningu verkanna á sýningunni. „Verk Kristínar Gunnlaugsdóttur og verk Eirúnar Sigurðardóttur standa t.d. með nokkrum verkum Ásmundar sem fjalla um móðurina. Þar eru t.d. verkin Móðir jörð, Tröllamóðir og Fæðing, og þar fannst okkur áhugavert að skoða hvernig 20. aldar karlmaður sem er fæddur á næstsíðustu öld skoðar hlutverk móðurinnar, og svo hvernig samtímakonur gera það. Þar eru miklar andstæður, verk Eirúnar er til dæmis mjög líkamlegt, andstætt verki Ásmundar þar sem móðurhlutverkið er upphafið," útskýrir Ólöf.

Sýningin verður opnuð kl. 17 á morgun.


Morgunblaðið/Heiddi

Samhljómur tímanna „Það eru bæði skemmtilegar samlíkingar og skemmtilegar andstæður," segja sýningarstjórarnir Ólöf og Sigríður Melrós sem eru hér við verk eftir Birgi Snæbjörn Birgisson. Verk eftir Ásmund til hægri.

Tíminn og tíðarandinn

Myndhöggvarinn Ásmundur var 20. aldar maður mótaður af 19. öldinni. Hann átti sér mörg viðfangsefni í listinni; mörg þeirra sótt í arfleifðina og þann tíðaranda sem skóp hann, en önnur í framtíðina, tæknina og vísindin. Sú hugmynd að listin þyrfti að eiga í síendurnýjuðu samtali við umhverfi sitt var honum ofarlega í huga. Verkin á sýningunni eru mótuð af ólíkum tíðaranda og tæknilegum möguleikum, en eiga sér innra rím sem sækir í sameiginlegan brunn.

Listamennirnir sem valdir hafa verið til að sýna með Ásmundi hafa glímt við sömu viðfangsefni, en í samhengi við sinn tíðaranda. Listamennirnir eru Birgir Snæbjörn Birgisson, Davíð Örn Halldórsson, Eirún Sigurðardóttir, Finnur Arnar Arnarson, Guðrún Vera Hjartardóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Kristín Gunnlaugsdóttir, Ólöf Nordal, Pétur Örn Friðriksson, Sara Riel og Steingrímur Eyfjörð. Sýningarstjórar eru Ólöf K. Sigurðardóttir og Sigríður Melrós Ólafsdóttir.

400 bílar og græn svæði

Kringlan verður í sviðsljósinu í fyrirlestri sem byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur stendur fyrir í kvöld

Eftir Jóhann Bjarna Kolbeinsson
jbk@mbl.is

„VIÐ Steve hönnuðum bílastæði, torg og garð við Kringluna fyrir u.þ.b. tíu árum síðan, ég sem myndlistarmaður og hann sem arkitekt, og um það ætlum við að halda þennan fyrirlestur, hvernig við komum að verkinu," segir myndlistarmaðurinn Kristinn E. Hrafnsson um fyrirlestur sem hann heldur ásamt Steve Christer arkitekt í Hafnarhúsinu í kvöld. Svæðið sem tekið verður til umfjöllunar er á milli Kringlunnar og Borgarleikhússins. „Okkar verkefni var að endurmóta allt landslag á svæðinu og búa til bílastæði sem endaði sem þetta bílastæðahús sem er þarna núna. Við litum á þetta sem ákveðna landmótun, og unnum þetta mjög náið saman. Við veltum því hins vegar lítið fyrir okkur hvort þetta væri arkitektúr eða myndlist," útskýrir Kristinn.

Hugmyndin um niðurbrot

Aðspurður segir listamaðurinn að um frekar praktískt verkefni hafi verið að ræða. „En á sama tíma og við þurftum að koma fyrir einhverjum 400 bílum vildum við stækka græna svæðið á milli þessara húsa, og okkur tókst það. Um leið vorum við að vinna með ákveðið konsept sem kemur skýrt fram í bygginunni og umhverfinu, og það er hugmyndin um náttúrulegt niðurbrot. Við notuðum til dæmis járn sem ryðgar, stuðlaberg og önnur náttúruleg efni. Þannig að við vildum að byggingin fengi að taka á sig mjög náttúrulegt yfirbragð með tíð og tíma. Og það hefur tekist."

Fyrirlesturinn hefst kl. 20.


Morgunblaðið/Frikki

Kristinn E. Hrafnsson „Við notuðum til dæmis járn sem ryðgar, stuðlaberg og önnur náttúruleg efni," segir listamaðurinn um verkefnið við Kringluna.